



Ósk um viðræður

Ísfélagið hf. hefur farið fram á viðræður við Langanesbyggð um kaup/leigu á lóðinni Eyrarvegur 6 sem hefur Landnúmerið 154623. Tilgangur Ísfélags er að sameina lóðir á hafnarsvæði sem þegar eru leigðar félaginu af Langanesbyggð samkvæmt meðfylgjandi yfirliti yfir lóðir á hafnarsvæði. Lóðin er skráð 414m² á meðfylgjandi lóðablaði og grunnlóðasamningi frá 2014.

Ísfélag leggur á móti fram sölu á hluta eða að öllu leiti land sem er m.a. Langanesvegi 32 og merkt er á meðfylgjandi teikningu. Stærð þessa hluta lóðarinnar, sem merktur er og Ísfélag býður fram, er 2750 m² en stærð alls landsins er ekki tiltekin í meðfylgjandi kaupsamningi á milli HÞ (Ísfélags) og Syðra Lóns, dags. 18.08.2005 en líklega er landið rúmlega 6000 m² alls. Landið sem um ræðir er því eign Ísfélags hf. eða forvera þess Hraðfrystistöðvar Þórshafnar.

Skipulag athafnasvæðisins við Háholt og Markholt er að hluta inni á landi sem er í eigu Ísfélags hf. að Langanesvegi 32.

Björn S. Lárusson, sveitarstjóri.